Samkvæmt tilkynningu 22. maí 1957 er merkið skrásett í Bern fyrir lyf, plástra, sáarumbúðir, efnasamsetningar til að eyða dýrum og jurtum, sóthreinsunarefni, efnasamsetningar til að varðveita matvæli óskemmd, eterolíur, ilmvoðn, sápur, imefni, heisubætandi samsetningar, kjötseyði, niðursoðin matvæli, æta feiti, fæðu og fæðuefni, þar á meðal akuryrkju-, skógræktar- og garðyrkjuafurðir, litarefni í matvæli, fóduefni.

Skrás. 1965, nr. 116. Tilkynt 12. apríl 1965, kl. 11.10 árdegis, af The Wolseley Fruit Canning Company (Proprietary) Limited, iðjurekstur, Molteno Street, Wolseley, Cape Province, Suður-Afríku, og skrásett 24. júní 1965.

Orðið: S U M M I T

Merkið er skrásett í Pretoria 23. jan. 1937, í 42. flokki, fyrir niðursoðna, frysta, varðveitta, þurrkaða og soðna ávexti, grænmeti, hlaup, ávaxtamauk, appelsínimumauk, niðursuðuvörur, pikkles, ávaxtasafa.

Skrás. 1965, nr. 117. Tilkynt 12. apríl 1965, kl. 13.30, af Adhesive Tapes Limited, iðjurekstur og verzlun, 1, Redcliffe Street, Bristol, Englandi, og skrásett 24. júní 1965.

Orðið: S E L L O T A P E

Merkið er skrásett í London 25. maí 1955 og 1. nóv. 1961, í 16. flokki fyrir lím-bönd (pappírsvörur), bönd gerð eingöngu eða aðallega úr cellulosuplasti, í pappír-

líki, til notkunar við skreytingu súkkulaðikassa og svipaðra fláta og til bindingar böggla og áhalda, sem eru pappírsvörur, til geymslu og dreifingar banda, límbönd til pappírsvara og bókbandsþarfa, pappírslímbönd (önnur en til einangrunar og loftþéttrar lokunar), og dulargervisbönd.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 25. maí 1962.

Skrás. 1965, nr. 118. Tilkynnt 12. apríl 1965, kl. 14.00, af British-American Tobacco Company Limited, iðjurekstur, Westminster House, 7, Millbank, London, S. W. 1, Englandi, og skrásett 24. júní 1965.

Orðið:

## AMBASSADOR

Merkið er skrásett í London 22. febrúar 1963, í 34. flokki, fyrir unnið og óunnið tóbak.

Skrás. 1965, nr. 119. Tilkynnt 21. apríl 1965, kl. 11.45 árdegis, af Nitrox S. A., iðjurekstur og verzlun, Via Nassa 17, Lugano, Sviss, og skrásett 24. júní 1965.

Orðið: N I T R O X

Samkvæmt tilkynningu 30. nóv. 1964 er merkið skrásett í Bern, í 1. og 29. flokki, fyrir köfnunarefnis og súrefnissamband og hvers konar matvæli, sem geymd eru að hluta eða að öllu leyti í köfnunarefnis- og súrefnissambandi.

Skrás. 1965, nr. 120. Tilkynnt 21. apríl 1965, kl. 12.00 á hádegi, af Schering A. G., iðjurekstur og verzlun, Berlín 65, Müllerstrasse 170—172, Þýskalandi, og skrásett 24. júní 1965.

Orðið:

## Gynovlar

Samkvæmt tilkynningu 3. júlí 1964 er merkið skrásett í München 18. ágúst 18. ágúst 1964, í 2. flokki, fyrir lyf og lyfjaefnavörur.

Skrás. 1965, nr. 121. Tilkynnt 27. apríl 1965, kl. 10.30 árdegis, af May & Baker Limited, iðjurekstur, Dagenham, Essex, Englandi, og skrásett 24. júní 1965.

Orðið: S U R M O N T I L

Merkið er skrásett í London 29. ágúst 1961, í 5. flokki, fyrir lyf, dýralækninga-lyf og hreinlætisefni, matvæli fyrir smábörn og sjúklinga, plástra, sáraumbúðafni, efni í tróð fyrir tennur, tannlækningavax, sóttþreinsunarefni, efni til að drepa illgresi og eyða skaðlegum smákvikindum.

Skrás. 1965, nr. 122. Tilkynnt 29. apríl 1965, kl. 15.00, af VEB Pentacon Dresden Kamera- und Kinowerke, iðjurekstur og verzlun, Schandauer Strasse 76, Dresden A. 21, Þýskalandi, og skrásett 24. júní 1965.


Orðið:

# PRAKTICAMAT

Samkvæmt tilkynningu 11. ágúst 1964 er merkið skrásett í Berlín 21. sept. 1964, í 22. flokki, fyrir sjóntæki, ljósmynda- og kvikmyndataeki, tæki til upptöku og endurtöku, stýri- og stjórnæki.

Skrás. 1965, nr. 123. Tilkynnt 30. apríl 1965, kl. 15.30, af Carreras Limited, iðjurekstur og verzlun, Christopher Martin Road, Basidon, Essex, Englandi, og skrásett 24. júní 1965.

Á ferstrendum einkennismiða er efst rauður flötur og undir honum gyllt rönd. Þar fyrir neðan á hvítum grunni er rauður sporöskjulagaður flötur með gylltri umgerð. Á fletinum stendur: CRAVEN „A“. Vinstra megin við sporöskjulagaða flötinn stendur: CRAVEN „A“ með rauðu letri, en hægramegin er sporöskjulagaður, rauður flötur með gylltri umgerð og stendur á honum: CRAVEN „A“.



Merkið er skrásett í London 25. sept. 1961, í 34. flokki, fyrir tóbak og eldspýtur.

Skrás. 1965, nr. 124. Tilkynnt 3. maí 1965, kl. 11.00 árdegis, af Sjörlíkisgerð K. E. A., smjörlíkisgerð, Akureyri, og skrásett 24. júní 1965.

Orðið: A L F A

Merkið er skrásett fyrir smjörlíki og smjörlíkisgerðarvörur.

Skrás. 1965, nr. 125. Tilkynnt 4. maí 1965, kl. 10.30 árdegis, af Brauðbær sf., smurbrauðstofa, Þórgötu 1, Reykjavík, og skrásett 24. júní 1965.

Bæjarburstir tvær, hlið við hlið. Sú fyrri er hærri með glugga í stafni. Orðið: Brauðbær er ritað undir.



Skrás. 1965, nr. 126. Tilkynnt 6. maí 1965, kl. 14.30, af Snyrtivörur h/f, heildsala, Laugavegi 20, Pósthólf 834, Reykjavík, og skrásett 24. júní 1965.

Orðin: ATLAS AEROSOLS

Merkið er skrásett fyrir hreinlætisvörur og skyldar vörur í sprayformi (úðunarforni).

Skrás. 1965, nr. 127. Tilkynnt 6. maí 1965, kl. 14.30, af sama, og skrásett 24. júní 1965.

Orðið: ATLAS

Merkið er skrásett fyrir hreinlætisvörur.

Skrás. 1965, nr. 128. Tilkynnt 6. maí 1965, kl. 14.30, af sama, og skrásett 24. júní 1965.

Orðið: T O U L O N

Merkið er skrásett fyrir snyrtivörur.

Skrás. 1965, nr. 129. Tilkynnt 10. maí 1965, kl. 14.00, af A/S Teknoglass, iðjurekstur og verzlun, Moss, Noregi og skrásett 24. júní 1965.

Orðið: E M A L U M

Samkvæmt tilkynningu 30. nóv. 1963 er merkið skrásett í Oslo 9. apríl 1964, í 16. flokki, fyrir pappír og pappírsvörur, pappa og pappavörur, prentað mál, blöð og tímarit; bækur; bókbandsfni; ljósmyndir, pappírssölvörur, límefti fyrir pappírsvörur, varning til nota fyrir listamenn; pensla; ritvélar og skrifstofuáhöld (þó ekki húsgögn); leiðbeiningar- og kennsluefti (þó ekki tæki), spil, letur, mót; glerj-aðar alumskólatöflur.

Skrás. 1965, nr. 130. Tilkynnt 10. maí 1965, kl. 15.00, af Sandoz A/G, iðjurekstur og verzlun, Lichtstrasse 35, Bále, Sviss, og skrásett 24. júní 1965.

Orðið: C E D I G O C I N

Samkvæmt tilkynningu 4. febrúar 1965 er merkið skrásett í Bern, í 1., 3. og 5. flokki, fyrir lyf.


Skrás. 1965, nr. 131. Tilkynnt 12. maí 1965, kl. 11.00 árdegis, af Canada Dry Corporation, iðjurekstur, 100, Park Avenue, New York, N. Y., Bandaríkjunum, og skrásett 24. júní 1965.

Orðin: CANADA DRY rituð upphafsstöfum í prentletri.

## CANADA DRY

Samkvæmt tilkynningu 12. febr. 1948 er merkið skrásett í Washington D. C. 2. ágúst 1949, í 45. flokki, fyrir drykkjarvörur án áfengis, svo og kjarna, seyði og sýróp til að gjöra slíka drykki af.

Skrás. 1965, nr. 132. Tilkynt 12. maí 1965, kl. 11.00 árdegis, af sama, og skrásett 24. júní 1965.  
Krýndur skjöldur.



Samkvæmt tilkynningu 5. okt. 1942 er merkið skrásett í Washington D. C. 23. febr. 1943, í 45. flokki, fyrir drykkjarvörur án áfengis.


Skrás. 1965, nr. 133. Tilkynt 15. maí 1965, kl. 10.00 árdegis, af Tuxan Limited, iðjurekstur og verzlun, 218 Homesdale Road, Bromley, Englandi, og skrásett 24. júní 1965.

Orðið:

TUXAN

Merkið er skrásett í London 5. júlí 1960, í 3. flokki, fyrir hreinsi- og fægiefni.

Skrás. 1965, nr. 134. Tilkynt 20. maí 1965, kl. 13.30, af Kristjáni Kristjánssyni, teiknara, Skólastíg 11, Akureyri, og skrásett 24. júní 1965.  
Fjögur k sams konar, er mynda ferhyrning.




Skrás. 1965, nr. 135. Tilkynt 28. apríl 1965, kl. 11.30 árdegis, af Farbwerke Hoechst Aktiengesellschaft vormalis Meister Lucius & Brüning, iðjurekstur og verzlun, 6230 Frankfurt (M)-Hoechst, Þýskalandi, og skrásett 24. júní 1965.

Orðið: O Z A L I D

Samkvæmt tilkynningu 21. febrúar 1930 er merkið skrásett í München 19. júní 1930 fyrir ljósnæman eftirmyndunar- og ljósmyndapappír, full- og hálfsvíðvirkar ljósprentvélar.

Skrás. 1965, nr. 136. Tilkynnt 3. júní 1965, kl. 15.00, af American-Cigarette Company (Overseas) Limited, iðjurekstur, Weinbergstrasse 79, Zürich, Sviss, og skrásett 24. júní 1965.

Ferstrendur einkennismiði, sem skipt er í þrjá fleti. Á miðfletinum stendur til vinstri: Peter Stuyvesant FILTER TRIPPED RICH CHOICE TOBACCOS. Þá er mynd af sígarettu, en þar fyrir neðan stendur: The Peter Stuyvesant Filter has 20000 filt fibres made of material specially straight laid to give you — Easy draw. More flavour. More satisfaction. Lóðrétt yfir miðann stendur: Peter Stuyvesant The man who founded New York in 1653. Til hægri á miðanum stendur: Peter Stuyvesant 20. Þar fyrir neðan er skjaldarmerki og stendur vinstra megin við það: 1952, en hægra megin 1672. Undir skjaldarmerkinu stendur: RICH CHOICE TOBACCOS KING SIZE. Lengst til hægri stendur lóðrétt: AMERICAN CIGARETTE CO S. A. LTD. 43 JUTA STREET, JOHANNESBURG. Þar fyrir neðan mynda hring orðin: FILTER TIPPED CIGARETTES. Innan hringsins stendur talan: 20.



STUYVESANT

Samkvæmt tilkynningu 28. febrúar 1955 er merkið skrásett í Bern fyrir tóbak, sígarettur og vindla.

Skrás. 1965, nr. 137. Tilkynnt 29. júní 1965, kl. 13.30, af Leirbrenslunni Glit h/f, iðjurekstur, Óðinsgötu 13 b, Reykjavík, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið:

**GLIT**

Merkið er skrásett fyrir alla framleiðslu á munum til skrauts og gagns úr hraunkeramiki.

Skrás. 1965, nr. 138. Tilkynnt 29. júní 1965, kl. 13.30, af sama, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið:

**VOLCANIC**

Merkið er skrásett fyrir alla framleiðslu á munum til skrauts og gagns úr hraunkeramiki.

Skrás. 1965, nr. 139. Tilkynnt 29. júní 1965, kl. 13.30, af sama, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið:

**HRAUN**

Merkið er skrásett fyrir alla framleiðslu á munum til skrauts og gagns úr hraunkeramiki.

Skrás. 1965, nr. 140: Tilkynnt 29. júní 1965, kl. 13.30, af sama, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið:


## LAVA

Merkið er skrásett fyrir alla framleiðslu á munum til skrauts og gagns úr hraunkeramiki.

Skrás. 1965, nr. 141. Tilkynnt 25. okt. 1962, kl. 11.00 árdegis, af Sælgætis- & lakkrisgerðinni Kólus, sælgætisgerð, Hlíðarvegi 20, Kópavogi, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: K Ó L Ó

Merkið er skrásett fyrir hvers konar sælgætis- og efnagerðarvörur.



Skrás. 1965, nr. 142. Tilkynnt 26. okt. 1962, kl. 11.00 árdegis, af sama, og skrásett 3. ágúst 1965.

Teiknimynd af negrastrák o. fl. með áprentuðu nafninu Sambó.



# SAMBÓ

Merkið er skrásett fyrir hvers konar sælgætis- og efnagerðarvörur.

Skrás 1965, nr. 143. Tilkynnt 21. des. 1964, kl. 10.30 árdegis, af Matrand Skaftefabrikk A/S, iðjurekstur og verzlun, Matrand, Noregi, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: F É M E - N A L

Samkvæmt tilkynningu 5. júlí 1963 er merkið skrásett í Osló, Noregi, 4. febr. 1965, í 21. flokki, fyrir sköfur.

Skrás. 1965, nr. 144. Tilkynt 24. maí 1965, kl. 11.45 árdegis, af A/S Fyens Strømpfabrik, iðjurekstur, Munkebergsvej 130, Odense, Danmörku, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: Knitwell

Samkvæmt tilkynningu 24. nóv. 1964 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 13. marz 1965, í 23., 24. og 25. flokki, fyrir þráð og garn, ofin efni, rúm- og borðteppi, vefnaðarvörur, fatnað, þar með talin stígvél, skór og inniskór.

Skrás. 1965, nr. 145. Tilkynt 14. apríl 1965, kl. 15.00, af Stürmann & Co., iðjurekstur, Bilker Strasse 23 A, 4, Düsseldorf, Þýzkalandi, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: P I E R S O N

Samkvæmt tilkynningu 16. maí 1964 er merkið skrásett í München 22. júlí 1964, í 9. flokki, fyrir glugga og gluggajárn.

Skrás. 1965, nr. 146. Tilkynt 10. júní 1965, kl. 16.30, af Silon, národní podnik, iðjurekstur og verzlun, Planá nad Luznici, Tékkóslóvakíu, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið SILON á svörtum grunni ásamt mynd af fiskhaus.



Samkvæmt tilkynningu 19. nóv. 1964 er merkið skrásett í Prag 27. nóv. 1964, í 28. flokki, fyrir fiskilínur.

Skrás. 1965, nr. 147. Tilkynt 16. okt. 1964, kl. 15.00, af Merck & Co., Incorporated, iðjurekstur, 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjunum, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: E D E C R I N

Samkvæmt tilkynningu 17. ágúst 1964 er merkið skrásett í Washington D. C. 18. flokki, fyrir þvagaukandi lyf.

Skrás. 1965, nr. 148. Tilkynt 8. júlí 1965, kl. 17.00, af Ford Motor Company, iðjurekstur og verzlun, The American Road, Dearborn, State of Michigan, Bandaríkjunum, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: B R O N C O

Samkvæmt tilkynningu 6. júlí 1964 er merkið skrásett í Washington D. C. 20. ágúst 1965, í 19. flokki, fyrir vörubifreiðar.

Skrás. 1965, nr. 149. Tilkynt 24. júlí 1964, kl. 4.30 e. h., af P. Lorillard Company, iðjurekstur og verzlun, 200 East 42 nd Street, New York 17, New York, Bandaríkjunum og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: E R I K

Samkvæmt tilkynningu 25. júní 1964, er merkið skrásett í Washington D. C. 2. febr. 1965, í 17. flokki, fyrir vindla.

Samkvæmt forgangsréttarákvæði Parísarsamþykktarinnar, um eignarréttindi á sviði iðnaðar, nýtur vörumerkið verndar hér á landi frá 25. júní 1964.

Skrás. 1965, nr. 150. Tilkynt 4. júní 1965, kl. 15.30, af Slimma Limited, iðjurekstur, 25 Bruto Street, Berkeley Square, London W. I., Englandi, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: Slimma

Merkið er skrásett í London 25. júlí 1946, í 25. flokki, fyrir treyjur, fatnað, buxur, allt vörur til ytri klæðnaðar.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjað 25. júlí 1958.

Skrás. 1965, nr. 151. Tilkynt 21. júní 1965, kl. 11.30 árdegis, af Farbenfabriken Bayer Aktiengesellschaft, iðjurekstur og verzlun, Leverkusen-Bayerwerk, Sambandslýðveldinu Þýzkalandi, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: S T A B A L U X

Samkvæmt tilkynningu 20. sept. 1962 er merkið skrásett í München 13. nóv. 1964, í 6. flokki, fyrir ljósvarnarefni fyrir lökk og gerviefni.

Skrás. 1965, nr. 152. Tilkynt 2. febrúar 1965, kl. 14.30, af VEB Vereinigte Werkzeug-Fabriken Geringswalde, iðjurekstur, Geringswalde, Sa. Kreis Rochlitz, Þýzkalandi og skrásett 3. ágúst 1965.

Á tveim hjólmyndum er sporöskjulagaður reitur og standa á honum stafirnir V. W. F.



Samkvæmt tilkynningu 1. júlí 1955 er merkið skrásett í Berlín 18. nóv. 1955, í 9. flokki, fyrir vélknúin sérverkfæri og tæki til að nota við trésmíðar; vélhnífa til að nota við vinnslu trjáviðar, pappírs, leðurs, glers, vefnaðar, gúmmís, tóbaks, trefja, kjöts og grænmetis.

Skrás. 1965, nr. 153. Tilkynt 21. júní 1965, kl. 9.30 árdegis, af S. A. Vautier Freres & Cie, iðjurekstur og verzlun, Yverton, Sviss, og skrásett 3. ágúst 1965.

Mynd af bjöllu og er kóróna ofan á bjöllumni. Fyrir neðan bjöllumna stendur orðið: VAUTIER.



Samkvæmt tilkynningu 15. júlí 1964 er merkið skrásett í Berne, í 34. flokki, fyrir hvers konar framleiðslu unna úr tóbaki.

Skrás. 1965, nr. 154: Tilkynt 30. júní 1965, kl. 10.30 árdegis, af E. I. Du Pont De Nemours and Company, iðjurekstur, 1007 Market Street, Wilmington 98, Delaware, Bandaríkjunum, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið:

**KLOBEN**

Samkvæmt tilkynningu 6. júní 1958 er merkið skrásett í Washington D. C. 5. maí 1959, í 6. flokki, fyrir efnablöndur til eyðingar illgresi.

Skrás. 1965, nr. 155. Tilkynt 30. apríl 1965, kl. 15.30, af Goya Limited, iðjurekstur og verzlun, 161 New Bond Street, London W. I., Englandi, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: WILD-SILK

Merkið er skrásett í London 18. febrúar 1964, í 3. flokki, fyrir vellyktandi og hreinlætisvörur, sem ekki innihalda lyf, en þó ekki februnarförur.

Skrás. 1965, nr. 156. Tilkynt 5. júní 1964, kl. 14.00, af Grundfoss Bjerringbro Pumpefabrik A/S, iðjurekstur og verzlun, Bjerringbro, Danmörku, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: GRUNDFOSS

Samkvæmt tilkynningu 8. nóv. 1946 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 14. des. 1946, í 7. og 11. flokki, fyrir jarðvatns- og djúpvatnsdælur ásamt dælum til notkunar í hitaveitum, vatnsveitum og gufufframleiðsluvélum ásamt vélasamstæðum til steypuvélanotkunar, innlagnir og útbúnað til upphitunar, vatnsleiðslu og gufufframleiðslu.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 14. des. 1956.

**Skrás. 1965, nr. 157.** Tilkynt 16. júní 1965, kl. 11.00 árdegis, af American-Cigarette Company (Overseas) Limited, iðjurekstur, Weinbergstrasse 79, Zürich, Sviss, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: Amtel.

Samkvæmt tilkynningu 1. apríl 1963 er merkið skrásett í Zürich, í 34. flokki, fyrir sígarettur og tóbak.

**Skrás. 1965, nr. 158.** Tilkynt 9. júní 1965, kl. 11.30 árdegis, af Canada Dry Corporation, iðjurekstur, 100, Park Avenue, New York, N. Y., Bandaríkjunum, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið:

# WINK

Samkvæmt tilkynningu 14. febrúar 1947 er merkið skrásett í Washington D. C. 25. janúar 1949, í 45. flokki, fyrir drykkjarvörur, sem seldar eru sem léttir svala-drykkir, hreinar kolsýrðar, óafengar, og án malts, svo og fyrir sýróp og kjarna-seyði til að gjöra slíkar drykkjarvörur af.

**Skrás. 1965, nr. 159.** Tilkynt 27. maí 1963, kl. 15.00, af Farbwerke Hoechst Aktiengesellschaft vormals Meister Lucius & Brüning, iðjurekstur og verzlun, Frankfurt/Main, Þýzkalandi, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið:

# Trevira

Samkvæmt tilkynningum 28. janúar 1956 og 17. ágúst 1960 er merkið skrásett í München 21. marz 1956 og 12. des. 1960, í 6. og 2. flokki, fyrir ullarvörur, ofinn og prjónaðan fatnað, fatnað, nærfatnað, borðdúka og sængurfatnað, hálsbindi, bursta, burstavörur, pensla, svampa, efnafræðilegar vörur til iðnaðar, vísinda og ljósmyndamarkmiða, hitaverndar- og einangrunarefni, band, kaðlaravörur, net spunapínur, spunnið og óspunnið band, kögurvefnað, borða, leggingar, gólfábreiður, mottur, ábreiður, forhengi, fána, tjöld, segl, poka, vefja- og spunaefni, flóka, plástra, sáraumbúðaefni, höfuðföt, skófatað, skerma, ferðabúnað, bindi og hönd til heilbrigðismarkmiða (sáraumbúðir), rekólar, pípur.

**Skrás. 1965, nr. 160.** Tilkynt 27. maí 1963, kl. 15.00, af sama, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: TREVIRA, innan ramma með bogadregnum hornum og miðstafnum V af stærri leturgerð.




TREVIRA

Samkvæmt tilkynningum 1. sept. 1956 og 17. ágúst 1960, er merkið skrásett í München 2. ágúst 1957 og 13. des. 1960, í 6. og 2. flokki, fyrir ullarvörur, ofinn og þrjónaðan fatnað, fatnað, nærfatnað, borðdúka og sængurfatnað, hálsbindi, bursta, burstavörur, þensla, svampa, efnafræðilegar vörur til iðnaðar, vísinda og ljósmyndamarkmiða, hitaverndar- og einangrunarefni, band, kaðlaravörur, net, spunaþinur, spunnið og óspunnið band, kögurvefnað, borða, leggingar, gólfábreiður, mottur, ábreiður, forhengi, fána, tjöld, segl, poka, vefja- og spunaefni, flóka, plástra, sáraumbúðafni, höfuðföt, skófatnað, skerma, ferðabúnað, bindi og bönd til heilbrigðismarkmiða (sáraumbúðir), rekólar og pípur.

Skrás. 1965, nr. 161. Tilkynnt 2. nóv. 1965, kl. 11.00 árdegis, af Sinalco Aktiengesellschaft, iðjurekstur og verzlun, Detmold, Bahnhofstrasse 3—4, Þýzkalandi, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðin: S I N A L C O K O L A og mynd af staupi á tveim samtengdum, svörtum hringflötum.



Samkvæmt tilkynningu 3. apríl 1937 er merkið skrásett í München 12. ágúst 1937, (í 16. flokki, fyrir tilbúin ölkelduvötn, gosdrykki, óáfenga drykki, ávaxta-seyði og ávaxtasafa.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 3. apríl 1957.

Skrás. 1965, nr. 162. Tilkynnt 10. maí 1965, kl. 15.00, af VEB Sachsenring Automobilwerke Zwickau, iðjurekstur, Schlachthofstrasse, Zwickau, A.-Þýzkalandi, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: H Y C O M A T, með stílfærðu letri.

*Hycomat*

Samkvæmt tilkynningu 25. nóv. 1964 er merkið skrásett í Berlín 25. febrúar 1965, í 7. og 12. flokki, fyrir girtengsli.

Skrás. 1965, nr. 163. Tilkynnt 4. sept. 1964, kl. 15.30, af The American Tobacco Company, iðjurekstur, 150 East 42nd Street, New York, N. Y., Bandaríkjunum, og skrásett 3. ágúst 1965.

Ferhyrndur einkennismiði. Efst til vinstri er mynd af mannshöfði með hatt og er blað á hattinum. Á ská þvert yfir miðann frá vinstra horni neðst og til efra hægra horns er breitt afmarkað band og stendur á því H A L F A N D H A L F.



Samkvæmt tilkynningu 15. júlí 1964 er merkið skrásett í Washington D. C. 2. marz 1965, í 17. flokki, fyrir sigarettur.

Skrás. 1965, nr. 164. Tilkynnt 10. júní 1965, kl. 16.30, af Silon, národní podnik, iðjurekstur og verzlun, Planá ned Luznici, Tékkóslóvakíu, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið: **TESIL**

Samkvæmt tilkynningu 18. maí 1960, er merkið skrásett í Prag 30. sept. 1960, í 1., 17., 21. og 26. flokki, fyrir gervitrefjar, garn, spunaefni, þráð og ofnar vörur og þrjónaðar vörur gerðar úr áðurgreindum efnum, einkum karlmannafatnað, kvenfatnað og barnafatnað, föt, yfirhafnir og undirföt, vefnaðarvörur, þrjónavörur, sokka og glysvarning, einnig hrosshár, silfurpappír, þökkunarefni, gerviefni til einangrunar og stoppunar og vörur búnar til úr þessum efnum, einkum bursta, ábreiður, svefnpoka, hlífðarföt og bendla.

Skrás. 1965, nr. 165. Tilkynnt 3. júní 1965, kl. 15.00, af Mercury Record Productions, Incorporated, iðjurekstur, 35 East Wacker Drive, Chicago, Illinois, Bandaríkjunum, og skrásett 3. ágúst 1965.

Orðið:

**LIMELIGHT**

Samkvæmt tilkynningu 1. nóv. 1957 er merkið skrásett í Washington D. C. 9. sept. 1958, í 36. flokki, fyrir hljóðritaplötur.

Skrás. 1965, nr. 166. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af Unilever Limited, iðjurekstur, Port Sunlight, Cheshire, Englandi, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: **OLVA**

Merkið er skrásett í London 2. des. 1922 og 1. ágúst 1950, í 48. og 3. flokki, fyrir ilmsápur og snyrtivörur (ekki til lækninga), þó ekki hárvötn.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 2. des. 1950.

Skrás. 1965, nr. 167. Tilkynnt 20. maí 1965, kl. 11.00 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: **RINSO**

Merkið er skrásett í London 19. sept. 1908, í 47. flokki, fyrir sápur, þvottaefni, einnig úr gerviefnum (detergents), og önnur efni til þvotta.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 19. sept. 1964.

Skrás. 1965, nr. 168. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: **EXTRAL**

Merkið er skrásett í London 11. janúar 1961, í 3. flokki, fyrir sápur og þvottaefni úr gerviefnum (detergents), (ekki til notkunar í iðnaði eða framleiðslu).

Skrás. 1965, nr. 169. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: **LIFEBUOY**

Merkið er skrásett í London 26. ágúst 1957, í 3. flokki, fyrir bleikiefni og önnur efni til þvotta; efni til að hreinsa, þvo, fægja og skúra með; sápur, ilm-vörur, hreinsaðar olíur, snyrtivörur, hárvötn; tannhreinsunarefni.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 26. ágúst 1964.

Skrás. 1965, nr. 170. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: **LEVER**

Merkið er skrásett í London 21. nóv. 1889, og 21. des. 1953, í 47. og 3. flokki, fyrir sápur og þvottaefni úr gerviefnum (detergents).

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 21. nóv. 1959.

Skrás. 1965, nr. 171. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: **PRESTO**

Merkið er skrásett í London 9. júní 1961, í 3. flokki, fyrir sápur og þvottaefni og sápur úr gerviefnum (detergents), (ekki til notkunar í iðnaði eða framleiðslu).

Skrás. 1965, nr. 172. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: **QUIX**

Merkið er skrásett í London 23. nóv. 1951, í 3. flokki, fyrir þvottaefni og sápur úr gerviefnum (detergents).

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 23. nóv. 1958.

Skrás. 1965, nr. 173. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: **RADION**

Merkið er skrásett í London 17. sept. 1959, í 3. flokki, fyrir þvottaefni og sápur úr gerviefnum, (non sopenaceous detergents), (Ekki til notkunar í iðnaði eða framleiðslu).

Skrás. 1965, nr. 174. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: S U N I L

Merkið er skrásett í London 10. nóv. 1959, í 3. flokki, fyrir bleikiefni og önnur efni til þvotta, efni til að hreinsa, fægja, þvo og skúra með, sápur, ilmvötn, hreinsaðar olíur, snyrtivörur, hárvötn og tannhreinsiefni.

Skrás. 1965, nr. 175. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 1.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: S U R F

Merkið er skrásett í London 9. febrúar 1948, í 3. flokki, fyrir bleikiefni, þvottaefni til alls konar þvotta og fyrir þvottaefni og sápur úr gerviefnum (detergents) og sápur.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 9. febrúar 1955.

Skrás. 1965, nr. 176. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: G L I T T O

Merkið er skrásett í London 9. des. 1911 og 24. júlí 1915, í 50. og 47. flokki, fyrir sápur og önnur efni til hreinsunar og efni til þess að fægja með auk málmfægiefna; venjulegar sápur, þvottaefni og sápur úr gerviefnum (detergents) og smur- og ljósolíur (lubricating and illuminating oils).

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 9. des. 1953 og 24. júlí 1957.

Skrás. 1965, nr. 177. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: S K I P

Merkið er skrásett í London 8. marz 1961, í 3. flokki, fyrir bleikiefni og önnur efni til þvotta, efni til að hreinsa, fægja, þvo og skúra með, sápur, ilmvörur, snyrtivörur, hárvatn og tannhreinsunarefni.

Skrás. 1965, nr. 178. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af Domestos Limited, iðjurekstur, College Works, Albion Row, Newcastle-upon-Tyne, Englandi, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: D O M E S T O S

Merkið er skrásett í London 1. sept. 1958, í 3. og 5. flokki, fyrir bleikiefni og önnur efni til þvotta; efni notað til að hreinsa, þvo, fægja og skúra; sápur, ilmvötn, hreinsaðar olíur; snyrtivörur, hárvötn, tannhreinsunarefni, efni til lyfjaframleiðslu, dýralækninga og heilbrigðis; sóttvarnarefni, efni til að eyða illgresi, skorðýrum, sníkjudýrum og bakteríum, þó ekki barna- og sjúklingafæðu.

Skrás. 1965, nr. 179. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðin: M r. S Q E Z Y

Merkið er skrásett í London 7. janúar 1957, í 3. flokki, fyrir þvotta- og hreinsiefni (detargents), (þó ekki fyrir efni, esm notuð eru til iðnaðar og framleiðslu); hreinsunar- og fægiefni.

Skrás. 1965, nr. 180. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: S T E R G E N E

Merkið er skrásett í London 1. febrúar 1946, í 3. flokki, fyrir hreinsiefni til heimilishalds og þvotta.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 1. febrúar 1953.

Skrás. 1965, nr. 181. Tilkynnt 2. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af E. R. Holloway Limited, iðjurekstur, 17. Bessemer Road, Welwyn Garden City, Hertfordshire, Englandi, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: S A B R E

Merkið er skrásett í London 19. ágúst 1960, í 3. flokki, fyrir ilmvötn, fegrunarvörur, snyrtivörur og hárvötn.

Skrás. 1965, nr. 182. Tilkynnt 6. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af Patros & Baldwins Limited, iðjurekstur, Lingfield Lane, Darlington, County Durham, Englandi, og skrásett 20. ágúst 1965.

Svartur snælduhaus á hvítum grunni.



Merkið er skrásett í Manchester 4. ágúst 1964, í 23. flokki, fyrir garn, band og þráð úr vefnaði, gerviefnum eða úr blöndu af vefnaði og gerviefnum, þó ekki fyrir tvinna til að sauma með.

Skrás. 1965, nr. 183. Tilkynnt 6. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af Unilever Limited, iðjurekstur, Port Sunlight, Cheshire, Englandi, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: H A R M O N Y

Merkið er skrásett í London 1. apríl 1954, í 3. flokki, fyrir sápur, snyrtiefni, ilmvötn, hreinsaðar oliur, snyrtivörnur, efni fyrir hárið og til tannhreinsunar. Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 1. apríl 1961.

Skrás. 1965, nr. 184. Tilkynnt 6. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: C O M F Y

Merkið er skrásett í London 1. september 1961, í 3. flokki, fyrir efni til þvotta, sápur, þvottaefni og sápur úr gerviefnum (detergents), (ekki til notkunar í iðnaði og framleiðslu), og hreinsunar- og þvottaefni til heimilishalds.

Skrás. 1965, nr. 185. Tilkynnt 6. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: I C I L M A

Merkið er skrásett í London 23. ágúst 1949, í 3. flokki, fyrir efni til þvotta; efni til að hreinsa, þvo, fægja og skúra með; þvottaefni og sápur úr gerviefnum (detergents), sápur, snyrtiefni, snyrtivörur, efni fyrir hárið og til tannhreinsunar.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjað 23. ágúst 1956.

Skrás. 1965, nr. 186. Tilkynnt 6. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðin Handy andy (og mynd af vinnuklæddum manni).



HANDY ANDY

Merkið er skrásett í London 6. maí 1939, í 3. flokki, fyrir bleikiefni og önnur efni til þvotta; efni til að hreinsa, þvo, fægja og skúra með; sápur, ilmvörur, hreinsaðar oliur, snyrtivörur, hárvötn, tannhreinsunarefni, þó ekki sandpappír eða aðrar vörur sem telja má sandpappír.

Skrás. 1965, nr. 187. Tilkynnt 9. júlí 1965, kl. 11.00 árdegis, af Inglo N. V., iðju- rekstur, Nijenoord la, Utrecht, Hollandi, og skrásett 20. ágúst 1965.

Orðið: IGLO á gaffli yfir spinatblöðum með orðunum PASSIERTE SPINAT undir.



Samkvæmt tilkynningu 16. jan. 1964 er merkið skrásett í Gravenhage, Hollandi, 19. marz 1964, í 29. og 32. flokki, fyrir matvæli, fryst eða hraðfryst; kjöt og kjöt-afurðir, fisk og fiskafurðir; villibráð og fugla; grænmetis- og ávaxtasafa, grænmeti og ávexti, tilbúinn mat, egg og mjólkurafurðir; hveiti, korn og hveitiafurðir, brauð, kex, kökur og sætindi, sælgæti og ís.

Skrás. 1965, nr. 188. Tilkynnt 17. ágúst 1965, kl. 14.00, af Johns-Manville Corporation, iðjurekstur, 23 East 40th Street, New York, N. Y., Bandaríkjunum, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið:

# CELITE

Samkvæmt tilkynningu 24. marz 1915 er merkið skrásett í Los Angeles 3. ágúst 1915, í 1. flokki, fyrir hráan kísilgúr og mulinn, brotinn, skorinn eða malaðan kísilgúr; mulda og malaða botnsfallsmold eins og hún kemur fyrir, þurrkaða eða kalkaða, duftkennd efni, sem innihalda botnsfallsmold og efnasambönd úr botnsfallsmold eins og hún kemur fyrir, þurrkuð og kölkuð eða sem innihalda hana, til afnota með vökvasementi, gipsi, jarðbiki og öðrum bindiefnum eða í sambandi við þau til að gera þilplötur, vegg, steinlög og aðra smíð.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 3. ágúst 1955.

Skrás. 1965, nr. 189. Tilkynnt 14. ágúst 1965, kl. 14.00, af Johns-Manville Corporation, iðjurekstur, 22 East 40th Street, New York, N. Y., Bandaríkjunum, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðin:

# FILTER-CEL

Samkvæmt tilkynningu 26. apríl 1921 og 9. febrúar 1914, er merkið skrásett í Washington D. C. 17. júlí 1923 og 12. okt. 1915, í 31. og 6. flokki, fyrir hvata til að mynda botnfall óhreininda í sykri; efni til að binda og skilja óhreinindi og annað úr vökva.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjað 17. júlí 1963 og 12. október 1955.

Skrás. 1965, nr. 190. Tilkynnt 26. júlí 1965, kl. 15.30, af Pento Cosmetic N. V., iðjurekstur, Gieterstraat 5—7, Amsterdam, Hollandi, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið:

## INVITÉ

Samkvæmt tilkynningu 27. júní 1953 er merkið skrásett í Amsterdam 3. ágúst 1953 fyrir hvers konar ilm- og snyrtivörur.

Skrás. 1965, nr. 191. Tilkynnt 26. júlí 1965, kl. 15.30, af sama, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið:

## BÉLAIR

Samkvæmt tilkynningu 19. júní 1953, er merkið skrásett í Amsterdam 27. júní 1953 fyrir hvers konar ilm- og snyrtivörur.

Skrás. 1965, nr. 192. Tilkynnt 16. júlí 1965, kl. 13.45, af Brauð hf., brauðgerð, Auðbrekku 32, Kópavogi, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: S A F A

Merkið er skrásett fyrir brauðgerðarvörur.


Skrás. 1965, nr. 193. Tilkynnt 6. ágúst 1963, kl. 11.00 árdegis, af Blue Bell Inc., iðjurekstur og verzlun, 335 Church Street, Greensboro, North Carolina, Bandaríkjunum, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: C O T E S B U R Y

Samkvæmt tilkynningu 26. júlí 1963, er merkið skrásett í Washington D. C. 23. júní 1964, í 39. flokki, fyrir sportskyrtur, buxur (slacks), Bermuda stuttbuxur, jakka og regnfatnað, allt fyrir karlmenn og drengi, og blússur, buxur (slacks), stuttbuxur, jakka og regnfatnað, allt fyrir stúlkur.

Skrás. 1965, nr. 194. Tilkynnt 28. maí 1965, kl. 14.15, af International Distillers of Israel Ltd., áfengisgerð og verzlun, 37 Jabotinsky Street, Jerúsalem, Ísrael, og skrásett 15. sept. 1965.

Innan ferhyndrar umgerðar stendur lóðrétt orðið: SABRA. Sitt hvorum megin við það er mynd af manni. Þar fyrir neðan innan hringlaga umgerðar, sem þó er opin af ofan, er efst til vinstri mynd af manni, þá hebreskt letur, en þar undir stendur: THE LIQUEUR OF ISRAEL. Neðst er mannsmynd. Til hægri innan umgerðarinnar stendur: SABRA LIQUEUR IS PRODUCED & BOTTLED IN ISRAEL BY INTERNATIONAL DISTILLERS OF ISRAEL LIMITED.



Merkið er skrásett í Jerúsalem 22. janúar 1963, í 33. flokki, fyrir líkóra framleidda í Ísrael, úr cactus ávexti, ætlaðan til útflutnings frá Ísrael.

Skrás. 1965, nr. 195. Tilkynt 4. júní 1964, kl. 16.00, af Merck & Co. Inc., iðju-  
rekstur, 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjunum, og skrásett  
15. sept. 1965.

Orðið: R A P I Q U A

Samkvæmt tilkynningu 31. marz 1964, er merkið skrásett í Washington D. C.  
29. júní 1965, í 18. flokki, fyrir þvagaukandi efnasamsetningu.

Skrás. 1965, nr. 196. Tilkynt 14. júlí 1965, kl. 11.30 árdegis, af Bio-Kur Inter-  
national v/Jörgen J. Soldschmidt, iðjurekstur og verzlun, Hjalmar Brantings  
Plads 4, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: B I O - K U R

Samkvæmt tilkynningu 27. ágúst 1963, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 2.  
nóv. 1963, í 3. og 5. flokki, fyrir bleikiefni og aðrar vörur til þvotta og hreinsunar  
á fatnaði, samsetningar til hreingerninga, fágunar og til að ná burt blettum, svo og  
slípunarefni, sápu, ilmvörur, eteriskar oliur, fegrunarmeðul, hárvötn, tannhirð-  
ingarmeðul, lyfja- og dýralækninga samsetningar, svo og samsetningar til heilsu-  
gæzlu, fæðusamsetningar handa börnum og sjúklingum, plástra og umbúðir, efni  
í tannfyllingar og í eftirmyndun tanna, sóthhreinsunarefni, samsetningar til útrým-  
ingar á illgresi og meindýrum.

**Skrás. 1965, nr. 197.** Tilkynt 13. júlí 1965, kl. 9.45 árdegis, af Unifranck Lebensmittelwerke G. m. b. H., iðjurekstur og verzlun, Ludwigsburg (Württ.), Franckstr. 8, Þýzkalandi, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: UNIFRANK

Samkvæmt tilkynningu 13. marz 1964 er merkið skrásett í München 26. júní 1964, í 26. flokki, fyrir bjór, vín og áfengi drykki, ölkelduvatn, óáfenga drykki, brunnsólt, kjöt og fiskmeti, kjötkjarna, ávexti, grænmeti, niðursoðið kjöt, fisk, ávexti og grænmeti, kjöt-, fisk-, ávaxta- og grænmetishlaup, ávaxtasaft, tómatakjöt, tómataasafa; egg, mjólk, smjör, ost, smjörliki, matarolíu og matarfeiti; kaffi, kaffilíki, te, sykur, sýróp, hunang, mjöl, hrisgrjón, mylnuframleiðslu úr korni til átu, sterkju og sterkjublöndur til matar, deigvörur, krydd, kryddkjarna, sósur, sósu-kjarna, edik, sinnep, mayonese, matarsalt, kakó, súkkulaði, sykurvörur, bökunar- og sætabrauðsvörur, ís til átu, ger, bökunarpúlver, sjúkrafæðu og fæðu til styrkingar, barnamat, malt og malkraft til matar, fódurefni, kartöfluframleiðslu til matar, einkum kartöfluflygsur, kartöflusneiðar og ristaðar kartöflusneiðar, kartöflumjöl til framleiðslu á kartöflusnúðum, kartöflulummum, kartöflumósi og aðra kartöfluframleiðslu til fódurs.

**Skrás. 1965, nr. 198.** Tilkynt 12. júlí 1965, kl. 16.00, af Berkshire International Corporation, iðjurekstur, Wyomissing, Berks, Pennsylvania, Bandaríkjunum, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: BERKSHIRE, með stækkuðum stafnum B fyrir aftan.

**BERKSHIRE B**

Samkvæmt tilkynningu 9. sept. 1963, er merkið skrásett í Washington D. C. 4. ágúst 1964, í 39. flokki, fyrir sokka og líkar prjónavörur.

**Skrás. 1965, nr. 199.** Tilkynt 28. júlí 1965, kl. 11.15 árdegis, af American Cyanamid Company, iðjurekstur, Wayne, New Jersey, Bandaríkjunum, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið:

**DIAMOX**

Samkvæmt tilkynningu 23. marz 1950, er merkið skrásett í Washington D. C. 18. marz 1952, í 18. flokki, fyrir búkhreinsandi lyf.

**Skrás. 1965, nr. 200.** Tilkynt 19. júlí 1965, kl. 11.00 árdegis, af Company des Lampes, iðjurekstur, 29 Rue de Lisbonne, París, Frakklandi, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið:

**MAZDA**

Samkvæmt tilkynningu 30. marz 1961, er merkið skrásett í París, í 9. og 11. flokki, fyrir öll rafmagnstæki og sérstaklega glólampa og flúrskinsljósalampa og svipuð ljósatæki, lampa og rör notuð í útvarp, sjónvarp og til svipaðra markmiða, öll ljósatæki, fylgihluti og tengihluti til þeirra.

**Skrás. 1965, nr. 201.** Tilkynnt 29. júlí 1965, kl. 9.55 árdegis, af Compagnie Industrielle des Piles Electriques, iðjurekstur og verzlun, 125 rue du Président-Wilson Levallois-Perret (Seine), Frakklandi, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið:



Samkvæmt tilkynningu 7. maí 1965, er merkið skrásett í París, í 9. og 11. flokki, fyrir öll rafskaut og allar rafhlöður sem og hluta, búta og fylgitæki téðra rafskauta og rafhlaðna.

Samkvæmt forgangsréttarákvæði Parísarsamþykktarinnar, um eignarétt á sviði iðnaðar, nýtur vörumerkið verndar hér á landi frá 7. maí 1965.

**Skrás. 1965, nr. 202.** Tilkynnt 11. ágúst 1965, kl. 11.50 árdegis, af Unox N. V., iðjurekstur, Gasstraat 10, Oss, Hollandi, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: S M A G

Merkið er skrásett í Amsterdam fyrir niðursoðnar fisk- og kjötafurðir eða varðar skemmdum á annan hátt, villibráð og alifugla, súpur, kjötextrakt, feiti (aðra en smjör).

**Skrás. 1965, nr. 203.** Tilkynnt 11 ágúst 1965, kl. 11.50 árdegis, af sama, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: S M I C ' S

Samkvæmt tilkynningu 10. maí 1963 er merkið skrásett í Amsterdam 17. júní 1963, í 29. og 30. flokki, fyrir kjöt og kjötafurðir, fisk og fiskafurðir, villibráð og alifugla, kjötextrakt, bragðefni, sætabrauð og kökur, tilbúnar máltiðir, allt bæði nýtt, niðursoðið og varið skemmdum á annan hátt (þó ekki fæðu úr korntegundum).

Skrás. 1965, nr. 204. Tilkynt 11. ágúst 1965, kl. 11.50 árdegis, ef Van Den Bergh & Jurgens N. V., iðjurekstur, Museumpark 1, Rotterdam Hollandi, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: U n o x

Samkvæmt tilkynningu 9. okt. 1950 er merkið skrásett í Amsterdam 29. sept. 1952 fyrir niðursoðnar kjötafurðir (með eða án grænmetis), kjötafurðir varðar skemmdum á annan hátt, nýtt kjöt og afurðir úr nýju kjöti, nýjar, reyktar og saltaðar pylsur, kjötkökur, kjötbúðinga, svínakjöt og reykt svínaflesk; grænmeti, ávexti, fisk og súpur, sem er niðursoðið eða varið skemmdum á annan hátt.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 29. janúar 1957.

Skrás. 1965, nr. 205. Tilkynt 11. ágúst 1965, kl. 11.50 árdegis, af Unilever Limited, iðjurekstur, Port Sunligt, Cheshire, Englandi, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: R I N

Merkið er skrásett í London 14. marz 1958, í 3. flokki, fyrir bleikiefni og önnur efni til þvotta, efni til þess að hreinsa, skúra og fægja með; sápur, ilmvörur, olíur, snyrtivörur, hárvötn, efni til tannhreinsunar.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 14. marz 1965.

Skrás. 1965, nr. 206. Tilkynt 11. ágúst 1965, kl. 11.50 árdegis, af sama, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: E R A S M I C

Merkið er skrásett í London 6. des. 1897, í 3. flokki, fyrir sápur, þvottaefni og sápur úr gerviefnum (detergents), efni til þvotta, ilmvötn, snyrtivörur, snyrtiefni fyrir tennur og hár, munnskolvötn, ilmpoka og snyrtiefni til þess að fjarlægja hár.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 6. des. 1953.

Skrás. 1965, nr. 207. Tilkynt 11. ágúst 1965, kl. 11.50 árdegis, af sama, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: G I B B S og stafirnar S. R. á hvítum grunni.

*Gilts* **S.R.**

Merkið er skrásett í London 18. febrúar 1946, í 3. flokki, fyrir tannkrem. Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 18. febrúar 1953.

Skrás. 1965, nr. 208. Tilkynt 11. ágúst 1965, kl. 16.50, af Herrahúsinu hf., verzlun, Aðalstræti 4, Reykjavík, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: H E R R A H Ú S I ð, innan sporöskjulagaðs hrings, með stílfærðu letri.



Merkið er skrásett fyrir herrafatnað.

**Skrás. 1965, nr. 209.** Tilkynt 13. ágúst 1965, kl. 16.00, af Sandoz A. G., iðjurekstur og verzlun, Lichtstrasse 35, Basel, Sviss, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: **C A L S I O L A N**

Merkið er skrásett í Berne 6. nóv. 1964, í 1., 3. og 5. flokki, fyrir lyfjavörur.

**Skrás. 1965, nr. 210.** Tilkynt 30. júlí 1965, kl. 16.20, af Algemene Kustzijde Unie N. V., iðjurekstur og verzlun, Velperweg No. 76, Arnhem, Hollandi, og skrásett 15. sept. 1965.

Orðið: **A K U L O N**

Samkvæmt tilkynningu 19. sept. 1950 er merkið skrásett í Amsterdam 11. okt. 1950 fyrir vörur mótaðar úr gerviharpix, sem þolir hita, og vörur búnar til úr því.

**Skrás. 1965, nr. 211.** Tilkynt 30. ágúst 1965, kl. 10.30 árdegis, af Firma Nivea v. E. O. Bruun, iðjurekstur og verzlun, Skodsborgvej 174, Holte, Danmörku, og skrásett 24. sept. 1965.

Tölustafurinn 9 og bókstafirnar V og A samanfléttaðir, en kross á milli. Þar fyrir neðan standa orðin **HÅR SPRAY**



Samkvæmt tilkynningu 4. febrúar 1964 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 18. apríl 1964, í 3. flokki, fyrir bleikiefni og önnur efni til þess að þvo og hreinsa fatnað, hreingerningarefni, efni til póleringar og til að ná burtu blettum, fægingar-efni, sápu, ilmvörur, eterískar olíur, fegrunarvörur, hárvatn, tannsnýrtivörur.

**Skrás. 1965, nr. 212.** Tilkynt 23. jan. 1965, kl. 11.30 árdegis, af Clairol Incorporated, iðjurekstur, 1290 Avenue of the Americas, New York, N. Y., Bandaríkjunum, og skrásett 20. október 1965.

Orðin

## miss CLAIROL

Samkvæmt tilkynningu 15. apríl 1950 er merkið skrásett í Washington D. C. 26. febrúar 1952, í 51. flokki, fyrir efnasamsetningar til að lita og blæfegra hár.

Skrás. 1965, nr. 213. Tilkynnt 23. jan. 1965, kl. 11.30 árdegis, af sama, og skrásett 20. okt. 1965.

Orðin:

*Lady  
Clairol*

Samkvæmt tilkynningu 2. nóv. 1951 er merkið skrásett í Washington D. C. 17. nóv. 1953, í 51. flokki, fyrir efnasamsetningar til að gera hár ljóst á litinn.

Skrás. 1965, nr. 214. Tilkynnt 2. sept. 1964, kl. 16.30, af Merck & Co., Inc., iðju-rekstur, 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjunum, og skrásett 20. okt. 1965.

Orðið: PROTRIPTIL

Samkvæmt tilkynningu 1. júlí 1964 er merkið skrásett í Washington D. C. 10. ágúst 1965, í 18. flokki, fyrir lyfjasamsetningu til að nota við geðlækningar.

Skrás. 1965, nr. 215. Tilkynnt 2. sept. 1964, kl. 16.30, af sama, og skrásett 20. okt. 1965.

Orðið: CONCORDIN

Samkvæmt tilkynningu 1. júlí 1964 er merkið skrásett í Washington D. C. 10. ágúst 1965, í 18. flokki, fyrir lyfjasamsetningu til að nota við geðlækningar.

Skrás. 1965, nr. 216. Tilkynnt 2. sept. 1965, kl. 16.30, af sama, og skrásett 20. okt. 1965.

Orðið: FERDURALTA

Samkvæmt tilkynningu 1. júlí 1964 er merkið skrásett í Washington D. C. 12. janúar 1965, í 18. flokki, fyrir vítamín, steinefnasamsetningu til varnar og meðferðar á hörgulsjúkdómum.

Skrás. 1965, nr. 217. Tilkynnt 16. nóv. 1964, kl. 15.00, ef Sementsverksmiðju ríkisins, iðjurekstur, Akranesi og skrásett 20. okt. 1965.

Bókstafirnir S R stílfærðir.



Merkið er skrásett fyrir sement og aðrar skyldar vörur.

Skrás. 1965, nr. 218. Tilkynnt 12. apríl 1965, kl. 11.30 árdegis, af Nivea v/E. O. Bruun, iðjurekstur og verzlun, Skodsborgvej 174, Holte, Danmörku, og skrásett 20. okt. 1965.

Orðið: 9VA

Samkvæmt tilkynningu 11. jan. 1963 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 31. júlí 1965, í 3. flokki, fyrir bleikiefni og önnur efni til þess að þvo og hreinsa fatnað, hreingerningarefni, efni til póleringar og til að ná burtu blettum, fægingarefni, sápu, ilmvörur, eteriskar olíur, fegrunarvörur, hárvatn, tannsnýrtivörur.

Skrás. 1965, nr. 219. Tilkynnt 27. apríl 1965, kl. 10.30 árdegis, af May & Baker Limited, iðjurekstur, Dagenham, Essex, Englandi, og skrásett 20. okt. 1965.

Orðið: N E U L A C T I L

Merkið er skrásett í London 14. júní 1962, í 5. flokki, fyrir taugalyf, þ. e. lyf til að nota við lækningu óreglu á miðtaugakerfinu; svefnlyf; deyfilyf; öll til afnota fyrir menn og dýr.

Skrás. 1965, nr. 220. Tilkynnt 20. maí 1965, kl. 13.30, af Prentverki Odds Björnssonar h/f, iðjurekstur, Hafnarstræti 88, Akureyri, og skrásett 20. okt. 1965.

Dökkur sporöskjulagaður grunnur með ljósum stöfum: p o b



Merkið er skrásett fyrir pappaöskjur, teikningar, ljósmyndir, myndamót, alls konar fullunnar vörur úr bókbandi, umbúðir og hvers konar annað prentverk.

Skrás. 1965, nr. 221. Tilkynnt 24. júní 1965, kl. 15.00, af Helsingborgs Gummi-fabriks Aktiebolag Tretorn, iðjurekstur, Helsingborg, Svíþjóð, og skrásett 20. okt. 1965.

Innan hálfhrings og afmarkaðs ferstrends flatar eru í hálfhringnum þrjú vigturnar, en yfir þeim stendur talan 1891. Á ferstrenda fletinum stendur Orðið: TRETORN



Samkvæmt tilkynningu 11. júní 1943 er merkið skrásett í Stokkhólmi 8. des. 1944, í 1.—3., 5., 7.—12., 16.—22. og 24.—28. flokki fyrir beinamjöl, keramísk efni, fljótandi gúmmí, gúmmílausn, samþjappaðar gastegundir, sölt, sem finnast í náttúrunni, sýrur og basa, eggjahvítuefni, náttúrleg áburðarefni; blaðmálm til málunar og skreytingar; slípunarskífur (sveigjanlegar úr ofnu efni eða pappír); eggjahvítuefni, plástur, flugnaveiðara, gúmmímótunarmassa til notkunar við tannviðgerðir; vélknúnar dælur, sprautur, tæki til að framleiða raforku, olíuhreinsunartæki, búðarvélar og aðrar tegundir af vinnu-, verkfæra- og orkuvélum, tæki til gasframleiðslu, slípunarskífur, drifreimar úr gúmmí, garðsláttuvélar, þreskivélar; verkfæri að öllu eða aðallega úr tré eða gúmmí, slípunarskífur, tæki til permanenthárlíðunar; gasgrímur, rafmagnstæki til permanenthárlíðunar, flotefni og önnur björgunaráhöld í formi dufla og fleka, vísindaáhöld úr bakelít og gleri í rannsóknastofu, sjóntæki og áhöld, svo sem kíkja og gleraugu, röntgen- og gegnumlýsingartæki, áhöld til notkunar í eldsvoða, slökkvidælur, slökkvitæki, tæki til að geyma og breyta raforku, rafgeyma, raftæknileg hleðslutæki, landmælinga-, sjómælinga-, og stórskotaliðs- og flugtæknileg áhöld, vogir og þungamælandi áhöld og tæki, merkja- og mælitæki og áhöld, viðvörunartæki, rafmagnsöryggisbúnað vegna umferðar, ritsíma- og talsímaefni, rafmagnsleiðslur, myndavélar og kvikmyndahúsa-, kvikmynda- og útvarpsáhöld og raftækja- og sjóntækjabúnað til þeirra, gjallarhorn, skrifstofuvélar, einkum reikni-, vörureiknings-, töflu-, bókfærslu-, gata-, spjalda-, reikniheila-, talhljóðrita-, frímerkja-, peningatalningar- og sundurgreiningarvélar, tímaeftirlits-

